

30. september 1977.

621

Nr. 361.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Þjóðhátíðarsjóð, útgefin á venju-
legan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 30. september 1977.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Þjóðhátíðarsjóð.

Sjóðurinn heitir Þjóðhátíðarsjóður.

Stofnfé hans er ágóði af útgáfu Seðlabanka Íslands á Þjóðhátíðarmynt í til-
efni 1100 ára búsetu á Íslandi 1974.

Forsætisráðuneytið hefur í umboði ríkisstjórnarinnar og í samráði við dóms-
málaráðuneytið og Seðlabanka Íslands samið eftirfarandi skipulagsskrá fyrir sjóðinn:

1. gr.

Stofnfé sjóðsins 300 000 000 — þrjú hundruð milljónir króna —, sem er ágóði
Seðlabanka Íslands af útgáfu Þjóðhátíðarmyntar í tilefni 1100 ára búsetu á Íslandi
1974, skal mynda höfuðstól sjóðsins. Höfuðstólinn má auka með fjárupphæðum,
sem síðar kunna að berast sjóðnum.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins skal varðveitt í Seðlabanka Íslands og ávaxtað með hagkvæm-
ustu kjörum á grundvelli verðtryggingar eftir nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita styrki til stofnana og annarra aðila, er hafa það
verkefni að vinna að varðveislu og vernd þeirra verðmæta lands og menningar,
sem núverandi kynslóð hefur tekið í arf.

- a) Fjórðungur af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins skal renna til Friðlýsingarsjóðs
til náttúruverndar á vegum Náttúruverndarráðs.
- b) Fjórðungur af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins skal renna til varðveislu forn-
minja, gamalla bygginga og annarra menningarverðmæta á vegum Þjóðminja-
safns.

Að öðru leyti úthlutar stjórn sjóðsins ráðstöfunarfé hverju sinni í samræmi
við megintilgang hans, og komi þar einnig til álita viðbótarstyrkir til þarfa, sem
getið er í liðum a) og b).

Við það skal miðað, að styrkir úr sjóðnum verði viðbótarframlög til þeirra
verkefna, sem styrkt eru, en verði ekki til þess að lækka önnur opinber framlög
til þeirra eða draga úr stuðningi annarra við þau.

4. gr.

Heimilt er að ráðstafa öllum árlegum tekjum sjóðsins til styrkveitinga í samræmi við tilgang hans.

5. gr.

Styrkir úr sjóðnum skulu auglýstir til umsóknar í fjölmiðlum samkvæmt nánari ákvæðum, er sjóðsstjórn ákveður. Úthlutun styrkja skal fara fram árlega og tilkynning um hana birt opinberlega.

6. gr.

Í stjórn sjóðsins skulu vera fimm menn skipaðir til fjögurra ára. Þrír skulu kjörnir af sameinuðu Alþingi, einn skal tilnefndur af ríkisstjórn Íslands og einn af Seðlabanka Íslands. Sömu aðilar skulu kjósa og skipa jafnmarga varamenn til sama tíma. Forsætisráðherra skipar formann sjóðsstjórnar.

Stjórnin þiggur ekki laun fyrir störf sín.

7. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður, hve miklu fé er varið til styrkveitinga hverju sinni innan þeirra marka, sem sett eru í 4. gr.

Stjórn sjóðsins úthlutar styrkjum.

8. gr.

Seðlabanki Íslands annast ritara- og skrifstofustörf sjóðsins endurgjaldslaust, samkvæmt nánara samkomulagi milli bankans og sjóðsstjórnar.

Annar kostnaður greiðist úr sjóðnum.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun. Þeir skulu birtir árlega í Stjórnartíðindum.

10. gr.

Ef nauðsyn krefur, setur stjórnin sér starfsreglur, er hafa að geyma nánari fyrirmæli um starfsemi sjóðsins.

11. gr.

Leita skal með þingsályktun heimildar Alþingis til að setja skipulagsskrá þessa. Leita skal staðfestingar forseta Íslands á henni og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð hjónanna Ástríðar S. Brandsdóttur og Björns Björnssonar, frá Hólum í Reykhólasveit, og afkomenda þeirra, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 4. október 1977.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Ástríðar S. Brandsdóttur og Björns Björnssonar,
frá Hólum í Reykhólasveit, og afkomenda þeirra.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður hjónanna Ástríðar S. Brandsdóttur og Björns Björnssonar, frá Hólum í Reykhólasveit, og afkomenda þeirra.